

**103. fundur  
fræðslunefndar  
haldinn í fundarsal á 3. hæð,  
miðvikudaginn 7. desember 2009 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Björn Sverrisson formaður, Katrín Gísladóttir, Hrefna Frímannsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi leikskólakennara og Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Arna Sædal Andrésdóttir.

**Dagskrá:**

**1. 0912009 - Skýrsla Gunnars um starfið í grunnskólanum (07.12.2009)**

- Desemberpunktur GSS.  
Lagðir fram.
- Uppeldi til ábyrgðar. Gunnar greindi frá því að þetta verkefni hefjist á næsta skólaári.
- Önnur mál.
  - ✓ Skólaráð er farið að starfa og dagskrá 1. fundar skólaráðs var lögð fram. Formaður fræðslunefndar og skólastjóri fagna því að skólaráð sé tekið til starfa.
  - ✓ Búið er að auglýsa stöðu íþróttakennara í tímabundið starf (80%), frá 1. janúar – 1. apríl 2010.
  - ✓ 47 próftökum er lokið nú í dag á framhalds- og háskólastigi. GSS er viðurkenndur próftökustaður á þessum stigum.
  - ✓ Elínborg Sturludóttir hitti starfsfólk GSS á starfsdegi þeirra. Hún var með fyrirlestur um kurteisi.
  - ✓ Einn dagur var tekinn undir jólafröndrið í ár, fyrir alla bekkir. Ekki tveir dagar eins og áður hefur verið. Gekk vel.

**2. 0912010 - Skýrsla Sigrúnar um starfið í leikskólanum (07.12.2009)**

- Ásta talmeinafræðingur kom hér 27. nóvember og tók Told málþroskapróf í samræmi við niðurstöður Hljóm 2 prófa.
- ½ starfsdagur var 30. nóvember, þá kom Inga Stefánsdóttir sálfræðingur og ræddi við okkur um samskipti.
- Föndur foreldrafélagsins tókst mjög vel, nú voru skreyttar piparkökur sem börnin voru búin að baka hér áður.
- Í dag var jólaskrautssmiðja, þar sem búið var til jólaskraut til þess að setja á jólatréið okkar. Búið til nýtt jólaskraut á hverju ári.

- Á morgun, 8. desember er kirkjuferð með fjórum yngstu bekkjum grunnskólans.
- 11. desember er skógarferð, þar er farið upp skóg, bakað brauð yfir eldi og hitað kakó.
- 16. desember eru litlu jólin.
- Leikskólinn er lokaður f.h. á aðfangadag og gamlársdag að öðru leyti er skólinn opinn nema á rauðum dögum almanaksins.

Fyrirspurn: Hvernig gengur Grænfánavinnan? Hún gengur ágætlega, kerfi við skráningar er komið í gang og deildirnar eru duglegar að deila hugmyndum sínum. Ekki er vitað á þessu stigi hvenær leikskólinn mun sækja um fánann að nýju.

### 3. Önnur mál.

- Fram fór umræða um þjófa- og brunavarnarkerfi í grunnskólanum og leikskólanum.

**Fleira ekki gert.**

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 17.30**